

## Persónufornöfn: Hans – hennar



Þetta er maður.  
**Hann** heitir Þorgrímur.



Þetta er kona.  
**Hún** heitir Rósa.

Mamma **hans** er 57 ára.  
Pabbi **hans** heitir Ásgrímur.  
Hann á einn bróður.  
Bróðir **hans** heitir Hallgrímur.  
Systir **hans** er nuddari.  
Vinur **hans** er veikur.  
Vinkona **hans** á stórt hús.  
Þorgrímur á konu.  
Konan **hans** heitir Pálína.  
Hann á hús.  
Húsið **hans** er lítið.

Mamma **hennar** heitir Fjóla.  
Pabbi **hennar** er 65 ára.  
Bróðir **hennar** er bakari.  
Rósa á systur.  
Systir **hennar** heitir Sóley.  
Vinur **hennar** er í skóla.  
Vinkona **hennar** er atvinnulaus.  
Rósa er gift.  
Maðurinn **hennar** heitir Torfi.  
Hún á bíl.  
Bíllinn **hennar** er nýr.

## Eignarfornöfn: Minn – mín – mitt - þinn – þín - þitt

Hvað heitir pabbi **þinn**?  
Hvaða tegund er bíllinn **þinn**?  
Hvað heitir mamma **þín**?  
Úr hverju er peysan **þín**?  
Hvað er barnið **þitt** gamalt?  
Hvar er húsið **þitt**?

Pabbi **minn** heitir Jón.  
Bíllinn **minn** er Honda.  
Mamma **mín** heitir Ása.  
Peysan **mín** er úr ull.  
Barnið **mitt** er fimm mánaða.  
Húsið **mitt** er á Spáni.

